

landsvæði í báðum sveitarfélögunum.

3. liður fundargerðar; Lerkiholt í Reykjadal, umsókn um landskipti.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við landskiptin og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna þeirra eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðin að öðru leyti. Ragnar Bjarnason tók ekki þátt við afgreiðslu 6 liðar fundargerðar vegna vanhæfis.

3. Ljósleiðaratenging í Þingeyjarsveit 2017

Framkvæmdir og áætlun ljósleiðaralagningar á árinu 2017 tekin til umræðu öðru sinni. Farið yfir umsóknarferli Ísland ljóstengt 2017 sem nú stendur yfir og skiptist í A og B hluta. A hlutinn er nokkurskonar forval og er þeim hluta lokið en Þingeyjarsveit sótti um og uppfyllir kröfur um gögn vegna þess hluta. B hlutinn er skil á eiginlegum styrkbeiðnum sem nú fer í hönd og er umsóknarfrestur til 1. febrúar n.k. Sveitarstjóri vinnur áfram að umsókn í samræmi við bókun sveitarstjórnar frá fundi þann 12. janúar s.l. og nú í B hlutann.

4. Sameiginleg barnaverndarnefnd – tillaga framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. (HNÞ)

Á fundi fulltrúaráðs HNÞ þann 18. nóvember sl. var samþykkt samhljóða tillaga frá framkvæmdastjórn HNÞ um skipan sameiginlegrar barnaverndarnefndar aðildarsveitarfélaganna. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að fulltrúaráð HNÞ skipi sameiginlega barnaverndarnefnd, Barnaverndarnefnd Þingeyinga,

fyrir starfssvæði sitt skv. tilnefningum frá sveitarfélögunum á grundvelli 3. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Óskað er eftir formlegri afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna á tillögunni svo unnt sé að vinna málið áfram, m.a. að leita staðfestingar ráðuneytisins á þessari skipan.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á tillögunni og felur sveitarstjóra að fylgja málinu eftir til framkvæmdastjórnar HNÞ í samræmi við umræður á fundinum.

Til kynningar:

Fundargerð 1. fundar framkvæmdastjórnar HNÞ
Fundargerð 2. fundar fulltrúaráðs HNÞ

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á **miðvikudögum** og
auglýsingum þarf því að skila á **mánudögum**
fyrir kl. 15:00. 😊

Verð hálf síðu er kr.3.200.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk
hlaupastelpan@isl.is—895-3386

ATH!!!

Ég tek ekki við
auglýsingum í gegnum
facebook.com



1. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning í Þingeyjarsveit

Samkvæmt nýsamþykktum lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016 og breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lagði sveitarstjóri fram drög að nýjum reglum um sérstakan húsnæðisstuðning í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn vísar drögunum til Félags- og menningarmálanefndar til frekari umfjöllunar.

2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.01.2017

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23. janúar s.l. Asvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.

1. liður fundargerðar; Ófeigsstaðir og Rangá, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna útgáfu framkvæmdaleyfisins eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

2. liður fundargerðar; Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar, skipulags- og matslýsing.

Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni og leggur áherslu á að við endurskoðun Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar verði haft samráð við sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þar sem hagsmunir sveitarfélaganna skarast á sveitarfélagsmörkum. Má þar nefna málaflokka eins og útivist og ferðaþjónustu, t.d. göngu-, hjóla- og reiðleiðir og umferð vélknúinna farartækja og hugsanlegan miðhálandisþjóðgarð sem næði yfir

**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
26.01.2017**

**208. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudagur 26. janúar 2017 kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 4. lið; Sameiginleg barnaverndarnefnd – tillaga framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. (HNP).

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning í Þingeyjarsveit
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.01.2017
3. Ljósleiðaratenging í Þingeyjarsveit 2017
4. Sameiginleg barnaverndarnefnd – tillaga framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. (HNP)



**Söfnun á baggoplasti til endurvinnslu
í Þingeyjarsveit og Mývatnssveit.**

Söfunin fer framm dagana 7 – 10 feb 2017.
Eingöngu verður safnað hreinu baggoplasti og bendum við á að henda netum og spottum í gáma merкта almennt sorp.

En svona verður safnað :

- 7/2 : Aðaldalur, Reykjadalur, Bárðardalur og gámar á þessu svæði
- 8/2 : Kinn, Ljósavatnsskarð, Fnjóskadalur og gámar á þessu svæði
- 9/2 : Mývatnssveit
- 10/2 hreinsað upp ef eitthvað er eftir.

Vinsamlegast látið vita í síma : 414-0200 eða
nordurland@gamar.is

ÞORRABLÓT LJÓSVETNINGA 2017

VERÐUR HALDIÐ Í LJÓSVETNINGABÚÐ LAUGARDAGINN 11. FEBRÚAR

Húsið opnar kl 19:30 og blótið
hefst stundvíslega kl. 20.30

Hljómsveitin „76 Mafían“ leikur fyrir dansi.
Diskar og glös verða á borðum
en takið með ykkur hnifapör.

Vinsamlega athugið að takmarka gestafjölda
Aldurstakmark 16 ára

Miðaverð 3000 kr.

**Miðapantanir þurfa að berast fyrir kl 19:00
miðvikudagskvöldið 8. febrúar**

Svana Granastöðum: 898 0463

Sverrir Lækjarsfelli: 861 1213

Óli frá Fljótsbakka: 868 7402

Sigga Tjarnarlandi: 847 1812

Vinsamlega millifærið inná reikning
nr. **1110-05-400001**, kt. **010271-5339**
og senda kvittun á fjotsbakki@hotmail.com
eigi síðar en föstudagskvöldið 10. febrúar

Miðasala verður við innganginn.

Ath. enginn posi og engin sjoppa.

Hlökkum til að sjá ykkur.
Nefndin

5.tbl.
1. feb.
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Aðalfundur Búnaðarfélags Bárðdæla

verður haldinn í Kiðagili þriðjudaginn 7. feb og hefst hann
klukkan 13.00. Skýrsla stórnar, reikningar, kosningar og
önnur mál eru helstu dagskrárliðir og svo mun María
Svanprúður tala við viðstadda ma um sauðfjárrækt og nýja
búvörusamninga. Kaffi og bakkelsi verður í boði.

Stjórnin

